

## 9. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14 30. marz 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, sbr. auglýsingu nr. 8 27. júní 1963, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 10. febrúar 1972.*

**F. h. r.**

**Jón L. Arnalds.**

*Dórður Ásgeirsson.*

Nr. 9.

20. janúar 1972.

**REGLUGERÐ**

**um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga í Vestmannaeyjum.**

## 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Sjálfseignarvörubifreiðastjórafélagsins Ekils, en það nær yfir Vestmannaeyjakaupstað.

## 2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 32, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 27. apríl 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Sjálfseignarvörubifreiðastjórafélagsins Ekils, bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar og Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja.

## 3. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprilmánuði og októbermánuði, veitir Sjálfseignarvörubifreiðastjórafélagið Ekill viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, ef fjöldi leigubifreiða innan félagsins er kominn niður fyrir töluna 32, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, unz framangreindu marki er náð.

## 4. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 27. apríl 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 20. janúar 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*